

86
16. sept.

30. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. desember.

Jólaleyfi 23. des. til 2. jan.

Páskaleyfi frá miðvikudegi fyrir skírdag til þriðja í páskum.

Sumardagurinn fyrsti.

Auk þess getur skólastjóri gefið leyfi einn dag í hverjum mánuði.

31. gr.

Reglugjörð til bráðabirgða frá 15. mars 1919 er feld úr gildi.

Þetta birtist hjermeð til leiðbeiningar öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 16. sept. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Sigf. M. Johnsen.

87
17. sept.

HAFNARREGLUGJÖRÐ

fyrir

Neskauptún í Norðfirði.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hefir í dag samkvæmt lögum nr. 76, 14. nóv. 1917, gefið út svofelda hafnarreglugjörð fyrir Neskauptún í Norðfirði.

I. KAFLI.

Takmörk hafnarinnar.

1. gr.

Norðfjarðarhöfn tekur yfir Norðfjörð vestan línu, sem hugsast dregin úr Uxavogstanga í Hellisfjarðarnes,

II. KAFLI.

87

17. sept.

Stjórn hafnarinnar.

2. gr.

Hafnarnefnd hefir á hendi umsjón með höfninni og framkvæmd hafnararmálefna, annast fjárhald hafnarinnar og reikningsskil undir eftirliti hreppsnefndar Neshrepps. Hafnarnefnd skipa 5 menn, sem sje oddviti hreppsnefndar, er hann sjálfkjörinn formaður nefndarinnar, ásamt 4 mönnum, er hreppsnefnd kys til þriggja ára í senn, og skulu tveir þeirra vera hreppsnefndarmenn en tveir utan hreppsnefndar.

3. gr.

Öll gjöld, er ræðir um í reglugjörð þessari, skulu renna í hafnarsjóð Neskaupþúns. Sjóðnum skal verja til umbóta á höfninni, til byggingar mannvirkja, er höfninni tilheyra, og til lýsingar og leiðarmerkja við höfnina.

Hreppsnefndin veitir fje úr sjóðnum til umræddra framkvæmda, eftir tillögum hafnarnefndar, og ákveður, hvernig hann skuli ávaxta, enda ber hún ábyrgð á innstæðum hans eins og öðrum eignum hreppsins.

Reikningar hafnarsjóðs skulu fylgja sveitarsjóðsreikningunum og endurskoðast og úrskurðast ásamt þeim.

4. gr.

Heimilt er hreppsnefnd, eftir tillögu hafnarnefndar, að ráða hafnarumsjónamann. Hreppsnefnd ákveður laun hans, en hafnarnefnd fær honum erindisbrjef, er hreppsnefnd samþykkir.

III. KAFLI.

Umferð um höfnina o. fl.

5. gr.

Fiskiskip og önnur skip, er ferma ekki nje afferma, mega aldrei leggjast svo á höfnina að tálmi fermingu eða affermingu annara skipa, og skulu þau í hvert skifti skyld að hlýða boði hafnarnefndar um það, hvar þau skuli leggjast. Skip mega aldrei leggja svo út frá sjer strengi nje önnur festartæki, að umferð tálmi. Festartæki frá skipi má aldrei leggja yfir alfaraveg.

6. gr.

Mótorbátum, sem heima eiga á Norðfirði, eða gerðir eru þaðan út, og liggja við sjerstök legugögn á höfninni yfir sumartímann, má ekki leggjja svo, að hindri eða tefji umferð um höfnina.

- 87** Hafnarnefnd getur ákveðið, hvar og hvernig legufæri þeirra skuli lögð.
 17. sept. Enginn má flytja legugögn báts síns nema með leyfi hafnarnefndar, en heimilt er eiganda þeirra að taka þau upp án leyfis nefndarinnar.

7. gr.

Nú tregðast eigandi, skipstjóri eða umráðamaður skips við að hlýða skipun hafnarnefndar eða umsjónarmanns, að flytja skip sitt eða bát eða strengi á höfninni, og getur þá hafnarnefnd látið gera það á kostnað eiganda eða umráðamanns.

IV. KAFLI.

Um almenna reglu.

8. gr.

Hafnarnefnd sjer um, að gætt sje almennrar reglu á höfninni og við hana. Er öllum skylt að hlýða boði hennar og banni og ennfremur annara þeirra starfsmanna, er hún setur til að gæta reglu. Þyki einhverjum sjer órjettur ger, getur hann kært það fyrir hreppstjóra eða sýslumanni, en skipun hafnarnefndar eða starfsmanna hafnarinnar ber að hlýða tafarlaust. Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi sínu.

9. gr.

Öll óþarfa skot við höfnina og á henni, eru stranglega bönnuð, og sjer-staklega skal gæta þess, að skot og fugladráp frá skipum á höfninni eigi sjer ekki stað.

10. gr.

Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljóss í skipum á höfninni. Í skipum, sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja eld eða ljós nema í eldavjel skipsins og á ljóskerum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði, sem unnið er að fermingu þeirra eða affermingu. Álíti hafnarnefnd að hætta geti stafað af fermingu eða affermingu eldfimrar vöru, er henni heimilt að stöðva verkið uns gerðar hafa verið nauðsynlegar varúðar-ráðstafanir.

V. KAFLI.

Hafnargjald. Lestargjald.

11. gr.

Öll skip, seglskip, gufuskip og vjelskip, stærri en 12 smálestir, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjald

(lestargjald) í hvert sinn, sem þau leggjast við festar á Norðfjarðarhöfn eða við bryggju, þó með þeim undantekningum, sem síðar getur. 87
17. sept.

Ef ekki er öðruvísi ákveðið, greiðist lestargjaldið af netto-stærð skipsins, talið í heilum tölum, en brotum skal slept.

12. gr.

- a. Skip, sem eru eign búsettra manna á Norðfirði, eða gerð eru þaðan út eða skrásett þar, og ekki eru í millilandasiglingum, skulu greiða einu sinni á ári 50 aura fyrir hverja brúttó-smálest, þó ekki minna en 10 króna árlegt gjald.
- b. Strandferðaskip, er ganga aðeins milli hafna á Íslandi, skulu, þá er þau í fyrsta skifti á árinu leggjast á Norðfjarðarhöfn, greiða 20 aura aura af hverri smálest, en ekkert gjald, þó þau komi þar oftár á sama ári.
- c. Öll önnur skip, er til hafnar koma, nema herskip, varðskip, skip, sem hafa skírteini sem skemtiskip, skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsóknna, og skip, sem leita hafnar vegna sjóskemda, skulu greiða 10 aura lestargjald fyrir hverja smálest í fyrsta sinn á ári hverju, er þau leggjast á Norðfjarðarhöfn, og 5 aura af hverri smálest í hvert sinn, sem þau koma þar oftár á sama ári.

13. gr.

Ef flutningaskip liggur á höfninni lengur en 10 daga, skal það greiða hálf tlestargjald — 5 aura af smálest — af nýju fyrir hverja 10 daga eða brot úr þeim. Tefjist skipið vegna veðurs eða viðgerðar, telst sá tími ekki með.

14. gr.

Vjelbátar, frá 5 til 12 smál., sem heima eiga á Norðfirði, eða gerðir eru þaðan út, greiða 10 króna árlegt gjald.

VI. KAFLI.

Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

15. gr.

Skipstjóri eða útgerðarmaður ber ábyrgð á greiðslu lestargjalds; skal það greitt í hvert sinn áður en skipið fer úr höfninni, nema fullnægjandi trygging sje áður sett fyrir greiðslu þess.

Gjaldldagi þeirra gjalda, sem greiðast eiga einu sinni á ári, er 1. júní.

87

17. sept.

16. gr.

Hafnarnefnd innheimtir hafnargjöld. Heimilt er henni að fela sjerstök-
um manni innheimtu þeirra, ef henni sýnist, og ákveður hún þá innheimtulaun.

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugjörð þessari má taka lögtaki.

VII. KAFLI.

Ýms ákvæði.

18. gr.

Seglfestu má hvergi kasta út á höfninni nema með leyfi hafnarnefndar
og seglfestu má hvergi taka nema með leyfi landeigenda og hafnarnefndar.

19. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum alt að 400 krónum, er renna
í hafnarsjóð Neskaupþúns.

20. gr.

Með mál út af brotum á reglugjörð þessari skal farið sem almenn lög-
reglumál.

21. gr.

Reglugjörð þessi öðlast gildi hinn 1. júní 1926, og er þá um leið úr gildi
numin hafnarreglugjörð fyrir Neskaupþún í Norðfirði frá 2. sept. 1916.

Reglugjörð þessi öðlast gildi 1. október þ. á. og birtist til eftirbreytni
öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. sept. 1926.

Magnús Guðmundsson.

Vígfús Einarsson.